

Alþingi

Erindi nr. P 132/1313

komudagur 14.3.2006

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. mars 2006 2006030170

Með bréfi dags. 8. mars er óskað umsagnar embættisins um tillögu til þingsályktunar um sívinnslu við skil skattframtala, þingskjal 102, mál 142.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að stefnt skuli að sívinnslu við skil á skattframtölum fyrirtækja og einstaklinga með atvinnurekstur. Núverandi fyrirkomulag verði með öllu aflagt og í stað þess komi jöfn skil skattframtala febrúar til nóvember ár hvert.

Ekki liggur ljóst fyrir af greinargerðinni hvað átt er við með sívinnslu. Þá skortir nokkuð á að þær upplýsingar um misverandi fyrirkomulag og aðrar forsendur sem gengið er út frá í greinargerð tillögunar séu réttar. Þannig er fullyrt að skattur sé áætlaður á allt að 25 % einstaklinga með rekstur sem fjarri því sem er í reynd (9 % 2005). Þá virðist gengið út frá því að ástæða þessara áætlana sé að atvinnuframteljendur hafi ekki reynst unnt að ljúka gerð þeirra innan settra tímamarka. Í flestum tilvikum er það hins vegar svo að gjaldandinn hefur ekki skilað gögnum til þeirra eða skattýfirvalda.

Núverandi fyrirkomulag, sem endurskoðað hefur verið og aðlagð breyttum aðstæðum, er í stuttu máli með þeim hætti að einstaklingar skila framtölum sínum frá byrjun mars til loka þess mánaðar. Fagframteljendur, þ.e. endurskoðendur og bókarar fá aukinn frest fram í byrjun júní fyrir þau framtöl sem þeir annast en framtöl þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi eru í flestum tilvikum í höndum þeirra. Skilafrestur fyrir framtöl lögaðila er til 31. maí en með sama hætti og gildir um einstaklinga fá fagframteljendur frest til 15. september til að skila inn þessum framtölum.

Móttaka á framtölum getur ekki hafist fyrr en lokið er ýmsum nauðsynlegum undirbúningi. Felst hann m.a. í breytingum á þeim grunnskram sem notaðar eru af skattkerfinu og framteljendum gerð eyðublaða og fleiri gagna. Hvað einstaklinga varðar felst undirbúningurinn einnig í söfnun upplýsinga til forskráningar. Í ár hófst móttaka framtala frá lögaðilum um miðjan febrúar og hafa fagaðilar eins og áður segir tíma allt fram til 15. september að skila þeim framtölum. Álagning á lögaðila fer síðan fram í lok október. Framlenging á skilafresti til nóvember hefði í för með sér að álagningu yrði ekki lokið fyrr en eftir áramót og lendi þar af leiðandi í undirbúningi næsta árs. Slíkt fyrirkomulag er fráleitt að mati ríkisskattstjóra af mörgum ástæðum.

Móttaka á framtölum einstaklinga hófst 1. mars. Er að mati ríkisskattstjóra óraunhæft að gera ráð fyrir að hún geti hafist fyrir nema með því að skerða þá þjónustu sem verið hefur að byggja upp sl. ár. Söfnun upplýsinga til forskráningar tekur ætíð einhvern tíma. Upplýsingar þessar koma úr kerfum launagreiðenda og liggja ekki fyrir en eftir lok hvers árs. Með góðri samvinnu upplýsingagjafa hefur verið unnt að safna þessum upplýsingum yfirfara þær með tilliti til réttleika og skrá þær á framtöl á tveimur mánuðum. Óraunhæft er að stytta þann tíma. Eins og áður segir er skilafrestur fyrir framtöl einstaklinga frá fagaðilum til byrjunar júní. Álagning fer síðan fram í júlí og að henni lokinni taka við skil til ríkisbókhalds og skil á kröfum til innheimtumanna. Þarf því að vera lokið fyrir 1. ágúst.

Lenging á skilafresti fyrir einstaklinga myndi leiða til annars af tvennu að álagningu yrði seinkað allt til ársloka eða lagt yrði á einstaklinga með rekstur og maka þeirra á öðrum tíma en aðra einstaklinga og þá í árslok. Hvorugur kosturinn er góður. Verið er að gera upp skatta fyrir næsta ár á undan og æskilegt að það uppgjör liggi sem fyrst fyrir. Þá má benda á það að mikill fjöldi manna fá endurgreidda skatta sem teknir hafa verið í staðgreiðslu vegna barnabóta, vaxtabóta eða öðrum ástæðum. Er ekki líklegt að frestun á slíkum endurgreiðslum myndi mælast vel fyrir.

Á síðustu árum hefur fyrirkomulagið við skattskil þ.á.m. skilafrestum og álagningartíma verið breytt verulega. Hefur það verið gert í góðu samráði við samtök fagframteljenda, þ.e. Félag löggiltra endurskoðenda og Félag bókhaldsstofa og með hliðsljón af þeirri breyttu tækni sem notuð er og aukinni þjónustu bæði við almenna framteljendur og fagaðila á því sviði.

Sú sívinnsla skattframtala sem rætt hefur verið um í skattkerfmu á síðustu árum felur í sér annað og meira en breytingu á framtalsfrestum. Í þeirri hugmynd felst að í stað álagningar sem framkvæmd er í svokallaðri runuvinnslu einu sinni á ári komi það fyrirkomulag að álagning fari fram oft á ári og þá fyrir þau framtöl sem fyrir liggja hverju sinni eða jafnvel fyrir hvert og eitt framtal þegar það hefur skilað sér og fengið úrvinnslu. Slík sívinnsla kallar á umfangsmiklar breytingar á tæknibúnaði skattsins og fleiri aðila. Má þar nefna innheimtukerfi ríkisins, skuldajöfnun og önnur samskipti við gjaldendur. Viðhald hönnun og breytingar á álagningakerfum ríkisins á síðustu árum hefur tekið tillit til þessara sjónarmiða og líklegt að skattkerfið sem slíkt gæti tekið upp slíkt fyrirkomulag áður en langt um líður. Ákvörðun um slíkt er þó háð ýmsu öðru. Slík breyting myndi ekki sjálfkrafa leiða til þeirra breytinga á framtalsfrestum sem þingsályktunartillagan gengur út á.

Ríkisskattstjóri mælir ekki með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson
ríkisskattstjóri